

Breytingar á verðlagi innfluttra vara og gengisþróun 2000-2004

Gengi krónunnar hefur styrkst umtalsvert undanfarna mánuði. Þrátt fyrir allt, hefur það enn ekki skilað sér í lægra verði á mörgum flokkum innfluttra vara. Næstu mánuðir munu leiða í ljós hvort það svigrúm sem myndast hefur til verðlækkana á innfluttum vörum, muni skila sér í lægra verði til neytenda, eða hvort ávinningur almennings verði étinn upp með aukinni álagningu.


Þegar gengi krónunnar lækkaði á árunum 2000 og 2001 leiddi það til verðhækkana á innfluttum vörum sem voru svo til í takt við gengisbreytinguna. Í aðdraganda stóriðjuframkvæmda á fyrri hluta árs 2002 tók krónan að styrkjast, styrktist verulega undir lok sl. árs og hefur haldið áfram á þeirri baut það sem af er þessu ári. Þegar krónan styrkist hefur það að óbreyttu í för með sér að innflutningsverðlag lækkar, þ.e. lægra innkaupsverð vara hjá birgjum og verslunum. Eðlilegt er að breytingar á gengi krónunnar taki nokkurn tíma að skila sér út í verðlag sem getur t.d. stjórnað af þáttum eins og birgðastöðu, gengisvörnum og samkeppnisumhverfi fyrirtækja. Styrking krónunnar hefur skilað sér misjafnlega í verðlagi einstakra flokka innfluttra vara. Markaðir, þar sem samkeppni hefur verið mikil í smásölu milli verslana hér á landi og auðvelt hefur verið fyrir neytendur að bera saman verð og flytja vörur milli landa s.s. fatnað og tæknibúnað, virðast frekar hafa haldið aftur af verðhækkunum í kjölfar gengislækkunarinnar. Verð á þessum mörkuðum hafa ýmist lækkað eða nánast staðið í stað á tímabilinu. Á öðrum mörkuðum, s.s. á ökutækjum og húsbúnaði, hækkaði verðlag mikið í kjölfar lækkunar krónunnar í upphafi tímabilsins. Hingað til hefur hins vegar ekki verið unnt að greina að þessi hækkun hafi gengið með sama hætti til baka eftir að gengi krónunnar tók að styrkjast á ný á árinu 2002 og raunar hafa vísitölur þessara vörflokka hækkað stöðugt frá árinu 2000.

Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir gengisþróun og verðlag innfluttra vara á árunum 2000-2004. Í tölunum er margt sem bendir til þess að styrking krónunnar að undanförunum hafi í mörgum tilvikum ekki skilað sér að fullu í vasa neytenda.

Gengisþróun

Gengisvísitalan á tímabilinu náði hámarki sínu í lok nóvember 2001 þegar hún stóð í 151,16 stigum og hafði þá hækkað um 37% frá ársbyrjun 2000. Eftir það tók krónan að styrkjast og gengisvísitalan lækkaði um tæp 10% á árinu 2002 og hefur nánast verið á stöðugri uppleið allt tímabilið. Krónan styrktist talsvert á sl. ári og lækkaði gengisvísitalan um 8% frá desember 2003 til desember 2004. Það sem af er árinu 2005 hefur krónan enn haldið áfram að styrkjast.

Mynd 1




Heimild: Seðlabanki Íslands

Hingað til lands er langmest flutt inn af vörum frá EES-svæðinu. Tæplega 64% innflutnings árið 2003 kom frá þessu svæði, en aðeins rúm 7% frá Bandaríkjunum. Þetta hefur þau áhrif að breyting á gengi Bandaríkjadals sem lækkað hefur mikið undanfarið hefur fremur lítil áhrif á verðlag á almennum neysluvörum hér á landi

Þróun verðlags innfluttra vara 2000-2004

Vísitala neysliverðs fyrir innfluttar vörur hækkaði í takt við lækkun krónunnar á árunum 2000 og 2001 eða um 12% frá janúar 2000 til desember 2001, þegar hún náði hámarki sínu á tímabilinu. Frá ársbyrjun 2002 hefur vísitala innfluttra vara hækkað jafnt og þétt, eða um 3% frá desember 2002 til desember 2004 og um 1,94% frá desember 2003 til desember 2004, og hefur hún fylgt eftir verðþróun á innlendum vörum.

Mynd 2



Heimild: Seðlabanki Íslands og Hagstofa Íslands

Almenn verðlagsþróun í helstu viðskiptalöndunum

Verðbólga í Evrulöndunum hefur verið stöðug, í kringum 2%, allt tímabilið og í Bretlandi hefur verðbólga verið mjög lág. Í Bandaríkjunum hefur verðbólga verið nokkuð hærri en í Evrópu, einkum á árunum 2000 og 2001

	2000	2001	2002	2003	2004
Evrulöndin	2,1	2,4	2,3	2,1	2,1
Bretland	0,8	1,2	1,3	1,4	1,3
Bandaríkin	3,4	2,8	1,6	2,3	2,6
Ísland	5,1	6,6	4,8	2,1	3,2


Heimild: OECD Economic Outlook og Hagstofa Íslands

Verðbólga hér á landi hefur verið hærri en í viðskiptalöndunum á þessu tímabili ef undan er skilið árið 2003. Að öðru óbreyttu ætti þetta að hafa í för með sér að verðlag á innfluttum vörum hækkar minna en verðlag innlendra vara. Veiking krónunnar á árunum 2000 og 2001 vann gegn þessum áhrifum en frá 2002, þegar krónan tók að styrktist verulega, hefði verðlag innfluttra vara bæði átt að lækka hlutfallslega gagnvart innlendra vöru vegna verðbólgu mismunarins og gengisáhrifa. Ef verðlag innfluttra og innlendra vara er skoðað (sjá mynd 2) sést hins vegar að það hefur fylgst náið að allt tímabilið.

Einstakir vöruflokkar

Með því að skoða vísitölu innfluttra vara í heild fæst einungis heildarþróun yfir verðlag á innfluttum vörum. Innan vísitölunnar eru margir flokkar sem hafa þróast misjafnlega, en til að fá skýrari mynd af þróun einstakra liða sem snerta neytendur, eru hér skoðaðir nokkrir flokkar vara sem ýmist eru alfarið fluttir inn til landsins eða mjög stór hluti þeirra.


Mynd 3



Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur fylgt nokkuð vel eftir þróun gengisvísitölunnar. Mikil hækkun varð á þessum lið samfara gengislækkuninni frá janúar 2000 til janúar 2002, þegar vísitalan hækkaði um tæp 27%, en upp úr því tók hún að lækka, lækkaði um 12,6% á árinu 2002, og hefur síðan verið nokkuð stöðug og lækkaði um 0,9% frá desember 2003 til desember 2004. Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl. hækkuðu einnig samfara gengishækkuninni á árinu 2001, en talsvert minna, eða um 8%. Upp úr því fór vísitala þessara vara að lækka og hefur síðan haldið áfram að lækka allt tímabilið. Frá desember 2003 til desember 2004 lækkaði vísitala fyrir sjónvörp, myndbönd, tölvur ofl. um 5,5%. Lítil breyting hefur orðið á vísitölu fyrir fatnað og skó á tímabilinu.

Mynd 4



Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala nýrra bíla og varahluta fylgdi þróun gengisvísitölunnar og hækkaði um 14,8% frá janúar 2000 til desember 2001. Lítilsháttar lækkun varð á vísitölunni í lok árs 2002, en hækkunin hefur verið stöðug síðan og var 1,8 % milli desember 2003 og desember 2004. Vísitalan fyrir húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. hækkaði um 12,7 % frá janúar 2000 til desember 2001. Frá þeim tíma hefur hækkunin verið stöðug og var 1,2% milli desember 2003 og desember 2004.

Liðurinn lyf ofl. samanstendur af vísitölu fyrir lyf, ásamt lýsi, vítamínum, steinefnum og bætiefnum. Rétt er að taka fram að hér er um þróun á verði lyfja til neytenda að ræða. Vísitalan hækkaði um 8,2% frá janúar 2000 til desember 2001 og hækkaði sömuleiðis umtalsvert milli desember 2001 og janúar 2002, eða um 7,2%, en hluta af þeirri hækkun má rekja til breytinga í greiðsluþátttöku almannatrygginga. Mikil hækkun varð einnig á árinu 2002, eða 6%. Stöðug hækkun hefur verið á þessum lið síðan og nam hún 2,6% frá desember 2003 til desember 2004.